

# Skóla-akur



Vefrit um skólamál 16. tbl. 6. árg. 25. október

Myndir augnabliksins eru frá tónmenntakennslu í öðrum bekk Brekkuskóla.



## Grunnskólar Akureyrar eru í fararbroddi þegar kemur að jafnréttisáætlunum.

Grunnskólar Akureyrar eru í fararbroddi þegar kemur að jafnréttisáætlunum samkvæmt Jafnréttisstofu, en allir skólar bæjarins hafa sett sér aðgerðabundnar jafnréttisáætlanir. Samfélags- og mannréttindadeild bæjarins hefur komið því til leiðar að allir grunnskólar bæjarins hafa sett sér aðgerðabundnar jafnréttisáætlanir. Skólarnir skila jafnréttisáætlunum inn til samfélags- og mannréttindaráðs sem tekur þær til umfjöllunar. Til þess að fylgja þessari vinnu eftir hefur tímabundið verið ráðinn verkefnastjóri sem hafa mun yfirumsjón með vinnu við afnám staðalímynda í grunnskólum Akureyrar. Verkefnið er unnið í samvinnu við skóladeild Akureyrarbæjar og Jafnréttisstofu. Nánar verður fjallað um þetta verkefni í næsta tölublaði Skóla-akurs.

## Heimsókn frá skóla- og frístundasviði Reykjavíkur.

Nú í október kom ellefu manna hópur frá skóla- og frístundasviði Reykjavíkur í heimsókn til Akureyrar til að skoða og kynna sér skólastarf í bænum. Annarsvegar voru kjörmir fulltrúar í skóla- og frístundaráði með í för og hinsvegar starfsmenn og stjórnendur. Hópurinn fékk kynningu hjá skóladeild, skoðaði Naustaskóla og Naustatjörn, heimsótti HA og kynnti sér samstarf skólanna og MSHA og að lokum fékk hópurinn kynningu á starfsemi í Rósenborg.



## Samstarf Oddeyrarskóla og Iðavallar.

Oddeyrarskóli á í góðu samstarfi við leikskólann Iðavöll og hefur það samstarf verið að þróast á undanförmum árum. Á dögnum komu börn frá leikskólanum í heimsókn í Oddeyrarskóla og unnu verkefni sem skreyta nú veggj skólans. Samstarf skólanna er m.a. í formi heimsókna leikskólabarna í Oddeyrarskóla og heimsóknir bæði 1. og 7. bekkjar á Iðavöll.

Sjá nánari upplýsingar um verkefnið á heimasíðu Oddeyrarskóla: <http://www.oddak.akureyri.is/>

## Nýtt í Skóla-akri - Áskorun.

Ritstjóra hafa borist ábendingar um að skora á skóla bæjarins að segja frá verkefnum sem verið er að vinna í skólunum. Nú reynum við þetta í næstu tölublöðum og er byrjað á að skora á leikskólann Kiðagil að segja í næsta tölublaði frá læsiverkefni sem þar er unnið að. Leikskólinn Kiðagil getur svo skorað á annan skóla að segja frá einhverju verkefni sem verið er að vinna. Vonandi taka allir vel í þessa nýjung.

## Greinar eftir nemendur í Giljaskóla.

Á vef Giljaskóla má lesa greinar eftir nemendur sem láta í ljós ýmsar skoðanir um skólann og starfið. Fróðlegt er að lesa þessar greinar og gaman að sjá hvað nemendurnir eru duglegir að tjá sig á málefnalegum nótum. Lesa má um kosti og galla Giljaskóla og segir þar m.a.: „Giljaskóli er finni skóli. Þó er ýmislegt þar sem má bæta. Auðvitað er það þannig að allir skólar, allir vinnustaðir og flest allt í lífinu hefur bæði kosti og galla því að enginn er fullkominn. Ekkert er fullkomið. Ég ætla að segja frá því sem er gott við skólann og hvað ekki. Sumum fullorðnum finnst að tungumálakennslu megi bæta og að vinnan snúist allt of mikið um það að vera í bókum. Maður lærir mikið af því að bæði tala og hlusta á tungumálið. Þannig er t.d. hægt að horfa á þætti og myndir á tungumálinu til að læra meira. Þetta er svolítið gert í dönsku en ekki mikið í ensku“. Einnig er grein um borð og stóla í skólanum og þar kemur m.a. fram að nemendur í unglingsdeild Giljaskóla virðast ekki vera alveg sáttir við stólana og borðin sem þeir hafa til umráða. Það eru margar ástæður fyrir því segja nemendurnir, t.d. eru seturnar á stólunum harðar og það er vont að sitja á þeim lengi. Borðin eru líka umtalsefni margra nemenda en þau eru vaggandi og erfitt að stilla þau til svo að þau hætti að vaggja. Þetta hefur marg- vislegar truflanir í för með sér. Þegar nemendurnir eru að reyna að laga borðin til þá verður bæði hávaði frá borðunum og líka nemendunum sem eru á ferðinni við að finna rétta stillingu. Nánar á heimasíðu skólans: <http://www.giljaskoli.is/is/forsida>

Skóla-akur er vefþímarit sem gefið er út af skóladeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri

**Ritstjóri:** Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mán.-miðvikudaga frá 8-13.

**Markmið blaðsins** er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.

## Grein í Netlu vefþímaríti um uppeldi og menntun.

### Er hægt að bjóða kynjakerfinu birginn? Reynsla átta kvenna af smíðum og tölvunarfræði

Í greininni er fjallað um birtingarmyndir kynjakerfisins í reynslu kvenna af námi og störfum í húsasmíði og tölvunarfræði. Tekin voru viðtöl við átta konur sem allar höfðu lokið námi í sinni starfsgrein á síðastliðnum sex árum þar á undan. Húsasmíðir höfðu stundað nám í þremur framhaldsskólum og tölvunarfræðingarnir í þremur innlendum háskólum. Í greininni er leitast við að svara því hvort kynjakerfið í formi útilokunar, aðgreiningar og undirskipunar kvenna komi fram í reynslu þessara viðmælenda, hvaða teikn séu skýrust og hvort kynjakerfið leiti nýrra leiða til að halda jafnvægi þegar tilraunir eru gerðar til að vinna í trássi við það. Í ljós kom að ýmsir þættir í reynslu kvennanna endurspeglu kynjakerfið en verða ekki ljósir nema grannt sé hlustað. Eftir Katrínu Björgu Ríkarðsdóttur menntunarfræðing og framkvæmdastjóra samfélags- og mannréttindaeildar hjá Akureyrarbæ og Ingólf Ásgeir Jóhannesson prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og Hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri.

Sjá á: <http://netla.hi.is/greinar/2012/ryn/010.pdf>

## Námshagnastofnun.

Í sumar voru gerðar tvær skýrslur á vegum Námsgagnastofnunar. Annarsvegar var skýrsla eftir Nóa Kristinsson um opið menntaefni á Ísland en hins vegar var skýrsla eftir Erlu Karlsdóttur um stöðu námsbóka Námsgagnastofnunar gagnvart sex grunnþáttum menntunar sem eru læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð og loks sköpun.

Hér má sjá skýrslurnar: <http://www.nams.is/um-namsgagnastofnun/frettir/frett/2012/09/27/Tvaer-skyrslur/>

## Árlega ráðstefna „The Scottish Learning Festival”, framhald.

Í síðasta tölublaði var sagt frá ráðstefnunni og málstofum. Hér koma upplýsingar um fleiri málstofur sem voru á dagskránni.

### Designing Creative Learning Journeys

Í málstofunni var sagt frá námsleið barna í leikskóla. Gekk vinnan út á það að leita leiða til að finna það sem ténist og í þessu tilfelli var það stytta af úlfí sem börnin voru vön að ganga framhjá sem einn daginn var svo horfin. Þá vöknudu margar spurningar hjá börnunum sem vöktu kennara til vitundar um að kenna börnunum leiðir til að leita sér upplýsinga.

Þau útbjuggu og hengdu upp í samfélaginu sínu myndir af úlfinum þar sem þau báðu alla sem vissu eitthvað um hvarf úlfins að gefa sig fram. Þau fóru á bókasafnið og spurðust fyrir, þau spurðu foreldra og lögregluna. Með þessum fyrirsprungnum og samvinnu við ýmsa aðila úr samfélaginu fundu þau úlfinn á endanum. Í þessu tilviki var ekki aðalmarkmið kennarans að finna úlfinn heldur að kenna börnunum hvaða leiðir væru færar til að finna það sem ténist. Leitinn sjálf var aðalmarkmiðið, ferli sem tók á sig ýmsar myndir sem gerði að verkum að börnin lærðu margt um umhverfi sitt og nærsamfélag. Allt ferlið var skráð og þar af leiðir að kennarar geta sest niður með börnunum, skoðað skráninguna og ríjfað upp ferlið.

### Learning Team – A Creative Approach to Improve Thinking

Í málstofunni var sagt frá teymisvinnubrögðum við Dunbar Grammar School. Verkefnið byrjaði fyrir 7 árum og hefur þegar vakið verðskuldaða athygli.

Í skólanum er námsteymi sem í eru 12 einstaklingar hvert ár. Allir þátttakendurnir eru í teyminu af áhuga og þeir vilja leggja á sig þá aukavinnu sem teymisvinnan skapar til að ná árangri. Gott er talið að hafa bæði reynda kennara og óreynda í teyminu til að fá mismunandi sjónarmið.

Fjöldinn í teyminu er 12 vegna þess er auðvelt að skipta hópnnum bæði í 3ja og 4ra manna hópa. Allt teymið hittist tvisvar til þrisvar á ári en minni teymin hittast mun oftar.

Lögð er áhersla á að kennarar ræði saman, skiptist á hugmyndum og skoðunum um nám og kennslu.

Hægt er að fá nánari upplýsingar á slóðinni <http://www.educationscotland.gov.uk/slf/index.asp>

Sesselja Sigurðardóttir leikskólaráðgjafi við Skóladeild Akureyrarbæjar

## Í dagsins önn - Námsgagnastofnun.

Á vef Námsgagnastofnunar má finna ýmsan fróðleik og upplýsingar. Þar er nú fjallað um rjúpana og segir m.a. að rjúpan sé eini villti hænsnfluglinn okkar og einkennisflugl íslenskra móa og fjalla. Hún er staðflugl á Íslandi en rjúpur finnast á norðurhara allt í kringum norðurpólinn. Rjúpan hefur það fram yfir aðra fugla að skipta um búning þrisvar sinnum á ári og á klæði fyrir hverja árstíð, er hvít á veturna, brún á sumrin og grá á haustin. Það er aðeins á vorin, í apríl/maí, sem karrinn, karlfugl rjúpunnar, reynir ekki að leynast. Þess í stað gerir hann allt til þess að láta mikið á sér bera. Þá helgar hann sér óðal sem hann ver fyrir kynbræðrum sínum, er hvítur á dökku landi, hreykir sér hátt og ropar. Segja má að brúðarklæði karrans séu hvítu vetrarklæðin. Fálkinn nýtir sér þetta athæfi og eru fullorðnir karrar ein helsta uppistaðan í fæðu hans á vorin.

Sjá nánar á: <http://www.nams.is/i-dagsins-onn/islenska/pistill/?newsid=917a1132-e334-40fa-9b40-8542d324b2b9>